

## REGLUR UM AFSLÁTT AF FASTEIGNASKATTI HJÁ SVALBARÐSSTRANDARHREPPI ÁRIÐ 2015

### 1. gr.

Reglur þessar um lækkun eða niðurfellingu fasteignaskatts eru settar með heimild í 4. og 5. mgr. 5. greinar laga um nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga, um undanþágur frá greiðslu fasteignaskatts og heimildir til lækkunar hans.

### 2. gr.

Rétt til lækkunar eða niðurfellingar fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði samkvæmt reglum þessum eiga tekjulágir elli- og örorkulífeyrisþegar sem uppfylla öll eftirtalin skilyrði:

- a) eiga lögheimili í viðkomandi íbúðarhúsnæði.
- b) eru 67 ára á árinu eða eldri og/eða hafa verið úrskudaðir 75% öryrkjar.
- c) falla í einn þeirra tekjuflokka sem kveðið er á um í 5. grein.

### 3. gr.

Hjón og samskattað sambýlisfólk fær afslátt skv. reglum þessum þótt einungis annar aðilinn uppfylli skilyrði 2. gr.

Ef um fleiri en einn íbúðareiganda er að ræða að eign, er veittur afsláttur til þeirra sem uppfylla skilyrði 2. gr., í hlutfalli við eignahluta þeirra.

### 4. gr.

Afsláttur af fasteignaskatti er tekjutengdur og veittur í fjórum þrepum; 100%, 75%, 50% og 25%. Við mat á afslætti er miðað við allar skattskyldar tekjur síðastliðins árs samkvæmt skattframtali, þ.m.t. eigna- og fjármagstekjur. Miðað er við sameiginlegar tekjur hjóna og samskattaðs sambýlisfólks.

### 5. gr.

Tekjumörk eru sem hér segir:

Fyrir einstaklinga:

- |                        |                                    |                |
|------------------------|------------------------------------|----------------|
| a) með tekjur allt að  | kr. 40452034,-                     | 100% afsláttur |
| b) með tekjur á bilinu | kr. 40452035,- til 2.5: 807: 8,-   | 75% afsláttur  |
| c) með tekjur á bilinu | kr. 405: 807: 9,- til 2.77506: 2,- | 50% afsláttur  |
| d) með tekjur á bilinu | kr. 2.77506: 3,- til 2.942097,-    | 25% afsláttur  |

Fyrir hjón og samskattað sambýlisfólk

- |                        |                                   |                     |
|------------------------|-----------------------------------|---------------------|
| a) með tekjur allt að  | kr. 5083; 0: 5,-                  | *****100% afsláttur |
| b) með tekjur á bilinu | kr. 5083; 0: 6,- til 3.5590 : 6,- | 75% afsláttur       |
| c) með tekjur á bilinu | kr. 50590 : 7,- til 3.793075: ,-  | 50% afsláttur       |
| d) með tekjur á bilinu | kr. 50793075; ,- til 50 270: ; ,- | 25% afsláttur       |

### 6. gr.

Verði veruleg breyting á högum umsækjanda, t.d. þegar fráfall maka eða skyndileg örorka hefur í för með sér verulega lækkun heimilistekna, er heimilt að víkja frá ákvæðum 5. gr. varðandi viðmið um tekjur sl. árs.

Jafnframt er heimilt að víkja frá skilyrði um lögheimilisskráningu í allt að þremur árum hjá þeim sem flutt hafa úr eigin íbúð á öldrunarstofnun, enda sé hún áfram í eigu umsækjanda og ekki nýtt af öðrum.

7. gr.

Þeir sem rétt eiga til afsláttar skv. 2.-6. grein geta sótt um afslátt af fasteignaskatti á bújarðir sem nýttar eru til eigin búskapar og á útihús, enda sýni umsækjandi fram á að þau séu lítt eða ekkert nýtt, sbr. 5. mgr. 5. gr. laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995.

Telji sveitarstjórn að skilyrði til afsláttar séu uppfyllt, skal hann veittur skv. sömu reglum og afsláttur af fasteignaskatti íbúðarhúsa, sbr. 2.-5. gr.

8. gr.

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps endurskoðar tekjumörk í nóvember ár hvert.

*Samþykkt á 40. fundi Sveitarstjórnar Svalbarðsstrandarhrepps 11.12.2012.*